

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar atvinnuvegaráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 88/2005.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Tollskrárnúmer:</i>			stk.	%	kr./stk.
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta ávexti eða hnetur.	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0
0602.3010	Alparósir og lyngrósir (Rhododendron), einnig ágræddar	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0
0602.3020	Glóðarrósir (Azalea)	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0
	Rósir, einnig ágræddar:				
0602.4010	Í smásöluumbúðum	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0
0602.4090	Aðrar	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0
0602.9030	Matjurta- og jarðarberjaplöntur	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0
	Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar:				
0602.9041	Skógartré sem ungar sáðplöntur af barr- eða lauftrjategundum sem einkum eru nýttar til skógræktar, oftast án rótarhnauss (berróta eða bakkaplöntur)	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0
	Annað:				
0602.9045	Græðlingar með rót og ungplöntur	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0
0602.9049	Annars	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0
	Aðrar útiplöntur:				
0602.9051	Fjölærar jurtkennar plöntur	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0
	Græðlingar með rót og ungplöntur, þó ekki kaktusar:				
0602.9070	Græðlingar með rót og ungplöntur, þó ekki kaktusar, til framhaldsræktunar	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0

***Blómstrandi plöntur með
knúppum eða blómum, þó ekki
kaktusar:***

0602.9081-.9083 og 0602.9088	Blómstrandi plöntur með knúppum eða blómum, þó ekki kaktusar	01.01.-30.06.26	2.200	30	0
---------------------------------	--	-----------------	-------	----	---

0602.9081-.9083 og 0602.9088	Blómstrandi plöntur með knúppum eða blómum, þó ekki kaktusar	01.07.-31.12.26	1.650	30	0
---------------------------------	--	-----------------	-------	----	---

0602.9089	Aðrar	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0
-----------	-------	-----------------	---------	----	---

Aðrar:

0602.9093	Pottaplöntur til og með 1 metri á hæð, þó ekki kaktusar og þykkblöðungar og plöntur af ættkvíslinni Bromilea og plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.01.-30.06.26	3.000	30	0
-----------	---	-----------------	-------	----	---

0602.9093	Pottaplöntur til og með 1 metri á hæð, þó ekki þykkblöðungar og plöntur af ættkvíslinni Bromilea og plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.07.-31.12.26	2.160	30	0
-----------	--	-----------------	-------	----	---

0602.9099	Annars	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0
-----------	--------	-----------------	---------	----	---

Lifandi:

0603.1100	Rósir	01.01.-30.06.26	2.000	30	0
-----------	-------	-----------------	-------	----	---

0603.1300	Orkídeur, þ.m.t. brönugrös (Orchidaceae)	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0
-----------	---	-----------------	---------	----	---

0603.1400	Tryggðablóm (Chrysanthemums)	01.01.-30.06.26	9.000	30	0
-----------	------------------------------	-----------------	-------	----	---

0603.1400	Tryggðablóm (Chrysanthemums)	01.07.-31.12.26	6.500	30	0
-----------	------------------------------	-----------------	-------	----	---

0603.1901	Ættkvíslirnar Protea, Banksia, Leucadendron og Brunia	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0
-----------	--	-----------------	---------	----	---

0603.1902	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum, óætum af ættkvíslunum: Ligustrum, Callicarpa, Gossypium, Hypericum, Ilex og Symphoricarpos	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0
-----------	---	-----------------	---------	----	---

0603.1903	Forsythia (páskagreinar)	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0
-----------	--------------------------	-----------------	---------	----	---

0603.1906-1908, 0603.1911-1918 og 0603.1999	Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt, þ.m.t. geislaflíflar, sólliljur, fétóppar, silkivendir, ilmskúfar, ljónsmunnar, gullhrís, silfurstjörnur, brúðarslör, flamingoblóm og túlípanar.	01.01.-30.06.26	166.250	30	0
0603.1906-1908, 0603.1911-1918 og 0603.1999	Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt, þ.m.t. geislaflíflar, sólliljur, fétóppar, silkivendir, ilmskúfar, ljónsmunnar, gullhrís, silfurstjörnur, brúðarslör, flamingoblóm og túlípanar.	01.07.-31.12.26	118.750	30	0
Annað:					
0604.2030	Jólatré, án rótar	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0
0604.2040	Jólatrésgreinar	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0
0604.2090	Annað	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0
0604.9090	Annars	01.01.-31.12.26	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollskrárnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollskrárnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur samkvæmt útgefnum tollkvótum.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt ákvæðum búvörulaga nr. 99/1993. Tollkvótar eru auglýstir á vefsíðu atvinnuvegaráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar og fram koma frekari upplýsingar um framkvæmd úthlutunarinnar.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur, í þeim tollskrárnúmerum þar sem magn er tilgreint, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Til þess að tilboð teljist gilt skal senda ráðuneytinu staðfest afrit af ábyrgðaryfirlýsingu. Skal ábyrgðaryfirlýsingin berast frá banka, sparisjóði eða váttryggingafélagi á tölvupóstfang ráðuneytisins atrn@atrn.is. Í ábyrgðaryfirlýsingunni skal koma fram að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt. Einnig er heimilt í stað ábyrgðaryfirlýsingar að greiða andvirði tollkvóta á reikning fjársýslunnar og senda kvittun til ráðuneytisins.

Umsóknar- og tilboðsferli vegna úthlutunar tollkvótans fer fram með rafrænum hætti á vefkerfinu tollkvoti.is.

Tilboðsgjafi sá er fær úthlutað tollkvóta skal leysa hann til sín með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs. Úthlutun er ekki framseljanleg.

5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 189/1990, um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 65. og 82. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2026. Við gildistöku hennar fellur úr gildi reglugerð nr. 1167/2024 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 21. nóvember 2025.

Hanna Katrín Friðriksson.

Arnar Freyr Einarsson.

B deild - Útgáfudagur: 28. nóvember 2025